

Nd.

### 730. Nefndarálit

um frumvarp til laga um að landssjóður kaupi hið forna biskupssetur  
jörðina Skálholt í Biskupstungum (þingskjal 718).

Vér, sem hin háttvirta deild kaus til þess að athuga frumvarp um varabiskup hér á landi, er landsstjórnin hafði lagt fyrir þingið, leytdum oss í öndvert þing að koma fram með frumvarp það, sem hér liggur fyrir og nú er endursent hingað í deildina frá hinni háttvirtu efri deild. Höfum vér nú athugað frumvarp þetta á nýjalæk með þeirri breyting, er á því varð í efri deild við síðustu umræðu málsins þar. En breytingin er sá auki aftan við 1. grein, að kaupverðið megi ekki fara fram úr 12,000 kr. Að vísu efumst vér ekki um, að þetta sé í sjálfu sér nóg verð fyrir jörðina eins og nú stendur, — hvert verð sé hæfilegt þegar frá liður er bággt að segja —, og ef til vill jafnvel altóf hátt, og að því leyti er það óheppilega sett fyrir landssjóðs hönd, ef jörðin kynni að vera til kaups áður langt um liður, og gæti orðið til þess, að landssjóður komist að lakari kaupum en hann annars hefði þurft. En fyrst og fremst fellur setningin: »þó má eigi kaupverðið fara fram úr 12,000 krónum« ekki vel við það, sem á undan segir, að heimilt sé að kaupa jörðina, þá er hún »fæst til kaups fyrir það verð, er þá semur um«. Og svo álitum vér afaróheppilegt, að landsstjórnin hafi ekki nokkuð liðugar hendur til þessa kaups, og teljum að tilgangi frumvarpsins geti algerlega verið fyrirgert með ákvæði því, sem efri deild hefir sett inn í það. Vér verðum að líta svo á, að landsstjórnin verði hér að vera óbundin og að menn verði að treysta því, að hún kaupi jörðina fyrir það verð eitt, sem skynsemi býður, hlaupi ekki í nein ginkaup, en geti þó ekið svo til um verðið, að lítilsháttar verðmunur standi ekki fyrir kaupum, sem þó hlyti að geta komið fyrir, ef fastákveðin væri einhver upphæð, sem ekki mætti þoka þverfeti fram yfir.

Vér verðum því að leggja það til, að hin háttvirta deild felli burt orðin í 1 gr. frv. »þó má eigi kaupverðið fara fram úr 12,000 krónum«.

Alþingi 4. Maí 1909.

Sigurður Gunnarsson  
formaður.

Jón Þorkelsson  
skrifari.

Eggert Pálsson  
framsögum.